

## Aðalfundur SART 2020

**Haldinn föstudaginn 5. júní 2020 kl. 13:30 á Hótel Hilton Reykjavík Nordica í fundarsölum H & I**

Hjörleifur Stefánsson, formaður SART, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Formaður lagði til að Lárus A. Jónsson yrði fundarstjóri og tilnefndi Sveinn Héðinsson sem ritara fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Fundarstjóri tók þá við fundarstjórn og fór yfir að skv. reglum samtakanna þá hefði fundurinn verið löglega boðaður. Fundarboð var sent með tölvupósti þann 18.02.20 en var frestað vegna Covid-19 og settur aftur á dagskrá og auglýstur þann 22.05.20. Ítrekanir um fundinn voru sendar út 01.06.20 og 03.06.20. Enginn athugasemd kom frá fundargestum varðandi lögsmæti fundarins. Fundarstjóri lýsti fundinn formlega settan og var gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

1. Formaður SART og Kristján D. Sigurbergsson, framkvæmdastjóri SART, gerðu grein fyrir störfum stjórnar og skrifstofu fyrir liðið starfsár.
  - Finna má yfirferð formanns og framkvæmdarstjóra SART í viðauka 1 og viðauka 2.
2. Reikningar samtakanna fyrir liðið reikningsár.
  - Framkvæmdarstjóri fór yfir ársreikning Orlofsheimilásjóðs SART fyrir árið 2019 og útskýrði að hagnaður var á árinu. Tap var árið 2018 þar sem meira var um framkvæmdir það rekstrarár. Á næstunni mun þurfa að fara í frekari framkvæmdir, þ.e. sinna þarf viðhaldi á húsunum.
  - Næst fór framkvæmdarstjóri yfir ársreikning SART fyrir árið 2019. Tekjur og kostnaður jukust en má aðallega rekja til menntunarstyrks sem samtökin fengu og nýttu á árinu. Hagnaður jókst á árinu.
  - Fundarstjóri spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru um ársreikning SART eða ársreikning Orlofsheimilásjóðs. Engar athugasemdir komu. Fundarstjóri spurð þá hvort allir væru sáttir með ársreikninganna og lýstu sig allir sáttu.
3. Skýrslur aðildarféлага.
  - Pétur H. Halldórsson fór yfir störf FLR. Kynningin er í viðauka 3.
  - Framkvæmdarstjóri SART flutti samantekt af erindum frá öðrum aðildarfélögum í SART. Kynningin er í viðauka 4.
4. Breytingar á samþykktum SART.
  - Stjórn lagði til breytingar á samþykktum SART sem framkvæmdarstjóri SART talaði fyrir.
  - Breytt var einu orði í breytingartillögunni fyrir 9. grein. Breytingin var að breyta orðinu félagsmenn yfir í einstaklingar. Breytingartillagan var samþykkt af öllum fundarmönnum.
  - Breytingartillaga á 10. grein var samþykkt óbreytt af öllum fundarmönnum.

- Breytingartillaga á 19. grein var samþykkt af öllum af öllum fundarmönnum.

#### 5. Ávarp formanns SI

- Árni Sigurjónsson, formaður SI og yfirlögfræðingur Marel, fór yfir þau atriði sem lagt hefur verið áherslu á síðan hann var kosinn formaður SI. Mikill undirbúningur fór fram áður en Covid-19 kom hingað til lands sem hjálpaði þegar faraldurinn kom upp hérna. Öll vinna upp á síðskasti hefur verið að vinna að bættum hag félagsmanna í Covid-19 og ástandinu sem það hefur skapað, og mun væntanlega skapa aftur síðar. Hagkerfið var byrjað að kólna fyrir Covid-19 en nú eru allar spár mjög svartar um framhaldið og allar tölur benda til að mikill samdráttur hafi átt sér stað.
- Áhersla SI er að leggjast þarf í framkvæmdir, einfalda regluverk, hvetja til nýsköpunar, bæta menntun sem er í boði fyrir félagsmenn og ungt fólk og tryggja þarf að vaxtalækkanir Seðlabanka skili sér til fyrirtækja.
- Spurning kom úr sal til formannsins um stöðu mála hjá verkalýðsfélagunum, þ.e. hvort það sé lítil eining til staðar hjá þeim í dag. Árni útskýrði að það væri ákveðin klofning til staðar meðal verkalýðsfélaga og það hefur gert samtal SA og SI við þau mun erfiðara. Eiga þarf samtal um lífshjálparáttur í ljósi breyttra aðstæðna og þarf að fara í þá vinnu með verkalýðsfélagunum í haust.
- Önnur spurning úr sal var hvort SART gætu ekki samið sjálft í kjarasamningum. Árni útskýrði að þetta væri staðlað ferlið þegar félög ganga í SI og er til þess fallið að einfalda ferlið við gerð kjarasamninga svo það séu ekki fjöldinn allur af einstaklingum við samningsborðið. Árni fór einnig yfir að næsta áskorun mun vera mögulegt launaskrið sem gæti átt sér stað þar sem þeir lægst launuðu hafa hækkað mikið í launum m.v. aðra. Formaður SART fór einnig yfir að kjarasamningur SA skapar aðeins grunn að kjörum og SART komi ávallt að mikilli vinnu þegar kemur að kjörum félagsmanna.

#### 6. Íslenska hagkerfið – Byggingar og mannvirkjagerð á tímum Covid 19

- Ingólfur Bender, aðalfræðingur SI, fór yfir greiningu SI á áhrifum Covid-19 hér á landi og fór sértakega yfir hvernig áhrifin hafa komið fram fyrir byggingar- og mannvirkjageirann. Ingólfur fór einnig yfir tillögur SI að viðspyrnu til að verja og stuðla að störfum til styttri og lengri tíma og tillögur sem lagðar voru fyrir stjórnvöld að fjárfestingaráttaki og innviðauppbyggingu.
- Spurning kom úr sal um hvort svikalogn væri í gangi á markaðnum þar sem fjöldinn allur af einstaklingum mun fara af bótum í september og hvort að fjármálaráðherra þurfi ekki að koma með fleiri lausnir að bótum. Ingólfur lýsti því að hann hefði áhyggjur af þessu en að lykilatriðið væri að koma atvinnulífinu af stað með áherslu á að skapa störf fyrir þá sem verða atvinnulausir.

#### 7. Erindi um Rafmennt, fræðslusetur rafiðnaðarins

- Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Rafmennt, fór yfir starf Rafmennt síðustu ár, námið og hverjar áherslurnar verða á næstu misserum. Hann lýsti áhyggjum yfir því að aðsókn í námskeið hefur minnkað og þeir þurfi að ná betur til félagsmanna og það fundargesti að hvetja sína starfsmenn til að skoða og fara á námskeið hjá Rafmennt. Fjöldi sem þeyttir sveinspróf hefur vaxið en það er áhyggjuefni að fall er að aukast þó nokkuð.

- Að lokum bað Þór félagsmenn um að senda til þeirra athugasemdir og hugmyndir ef það er eitthvað sem þeim vantar eða mætti betur fara þegar kemur að náminu.
- Spurning kom úr sal um slípirokka námskeið og skv. Þór þá mun það fara fram á næstunni.
- Önnur spurning úr sal var varðandi rafrænuferilbókina og hvenær hún mun verða tilbúin. Þór sagði að það væri ekki alveg á hreinu og þetta er eitthvað búið að tefjast. Þór útskýrði einnig hvað rafrænaferilbókin á að gera.

#### 8. Kosning formanns

- Skv. reglum samtakanna átti ekki að kjósa um formann þetta árið.

#### 9. Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra

- Framkvæmdarstjóri kynnti frambjóðendur
- Fyrri skoðunarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa: Lárus Andri Jónsson og Arnbjörn Óskarsson. Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson gáfu kost á sér til varamanna. Allir samþykktu þá sem skoðunarmenn og varamenn.

#### 10. Önnur mál

- Formaður bað um að farið væri yfir allar nefndir og stjórnir innan SART, félagsmönnum til upplýsinga. Framkvæmdarstjóri fór yfir allar nefndir og stjórnir SART og hverjir sátu í þeim.
- Fundarstjóri bauð fundargestum þá að koma upp í púlt ef þeir hafa eitthvað sem þeir vildu ræða
- Einn fundargestur vakti athygli á því að yngri félagsmenn í SART mætu ekki á aðalfundi samtakanna og vill að það samtökin setji sér plan til að virkja þátttöku yngri félagsmanna
  - i. Fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að virkja yngri félagsmenn til að þeirra rödd og sjónarmið séu hluti af aðalfundum SART.
- Tillaga kom úr sal um að rafverktakar í SART fái sambærilega afslátt af námskeiðum/menntun og sveinar (starfsmenn þeirra) njóta.
  - i. Þór fór yfir að greiðslur rafverktaka í menntasjóð voru lækkaðar fyrir einhverju síðan en eigendur fyrirtækja eru að borga meira til þeirra fyrir starfsmenn sína heldur en sjálfan sig. Þar af leiðandi hefur afslátturinn ekki verið með sama hætti.
  - ii. Ákveðið var að framkvæmdarstjóri SART og Þór fari yfir þessi mál og komi með tillögu að leið til að jafna afsláttarkjörin.
- Sjúkrasjóður SART
  - i. Félagsmaður kom með sögu um að hann hafi ekki verið talin aðili að sjóðnum en hann hafi verið að greiða í hann allan sinn feril. Þá mátti hann ekki ganga í sjóðinn nema ef hann væri ekki búinn að vera að fá bætur í 6 mánuði. Spurning hans var hvort að þetta ferli væri löglegt.
  - ii. Fundarstjóri fór yfir að sjóðurinn færi eftir þeim ströngu reglum sem um hann gilda.

- iii. Formaður og framkvæmdarstjóri SART útskýrðu að vinna er kominn af stað til að einfalda regluverk sjóðsins og munu allar breytingartillögur verða kynntar fyrir félagsmönnum þegar þær verða tilbúnar.
  - iv. Framkvæmdarstjóri SART fór einnig yfir mikilvægi þess að félagsmenn hefðu beint samband við sjóðinn. Hann getur ekki verið milliliður að þessum samskiptum. Þessi samskipti snúa oft að persónuupplýsingar um félagsmenn og verða félagsmenn því að hafa sjálfir samband beint við sjóðinn.
- Félagsmaður bar upp erindi um samning SART við RSÍ
    - i. Margir félagsmenn SART eru einnig aðilar að RSÍ og það ætti að vera óþarfi.

Engin önnur mál voru rædd og var fundi slitið kl. 16:28.

## Viðauki 1. Kynning á störfum stjórnar

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram á aðalfund SART 5. júní 2020 af Hjörleifi Stefánssyni, formanni SART:*

Á aðalfundum er hefð fyrir að minnast látinna félagsmanna en enginn félagsmaður SART hefur ekki látist frá síðasta aðalfundi.

### Fundir og viðburðir

Eftir aðalfund 2019 var haldin vegleg afmælishátíð sem fór virkilega vel og hátíðlega fram. Mætti þar fjöldi gesta og var af því tilefni fyrrverandi formönnum og framkvæmdastjóra SART veitt gullmerki samtakanna.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 4 stjórnarfundir og 3 fundir í framkvæmdastjórn. Fyrsti stjórnarfundur haustsins var haldin í Borgarnesi og kom þar fram ríkur vilji til þess að halda 1 stjórnarfund á ári utan höfuðborgarinnar.

Eins voru haldnir fjölda funda í ýmsum nefndum og ráðum sem fulltrúar okkar sóttu. Er þar helst að nefna fulltrúa í samninganefnd sem mæddi mikið á vegna kjarasamninga. Kom þar berlega í ljós að að fjölgun okkar á mönnum í samninganefnd skilaði mikilli skilvirkni og faglegri aðkomu

Fundir voru reglulegir í stjórn Rafmenntar og hefur komið í ljós að sú vinna sem lögð var í endurskipulagningu skólastofnunar okkar var mikið heillaspor og er starfsemin nú eins og best verður á kosið

Fundir í félögum innan SART eru mismargir er það að ýmsum örsökum eins og t.d. fjarlægð. Eitt félag, það allra stærsta, sker sig þar úr og hefur haldið uppi fjölda funda og uppákoma er þar t.d. frábærlega vel heppnað kvöld í boði Johan Rönning í þeirra höfuðstöðvum, vorferð um suðurland, hnitmiðaðir fundir með Veitum um samskipti og fleira.

### Verkefni ársins

FLR átti þátt í því að vegna ástandsins vegna kórónuveirunnar voru gjöld til SI lækkuð og kemur þessi lækkun í þrepum á þessu ári. Stjórn SART samþykkti einnig tillögu frá FLR um að fella niður einn gjalddaga af aðildargjaldi SART. Orlofssjóður og aðildarfélagsgjöld til undirfélaga standa þó óbreytt. Það er nauðsynlegt að í svona samtökum sé virkni minni félagana innan SART almennt meiri því hagsmunir okkar geta verið mismunandi milli landsvæða.



Töluverð fjölgun hefur verið á nýjum félagsmönnum í SART frá síðasta aðalfundi hafa 17 gengið í samtökin.

Formaður SART á sæti í stjórn SA og þar voru mikil fundarhöld í byrjun síðasta árs vegna kjarasamninga. Lífskjarsamningurinn sem var undirritaður var samþykktur af RSI með litlum meirihluta. Það hefur komið í ljós að ekki var sérstök eftirspurn eftir mörgum atriðum í samningnum.

Á þessu vori voru fjölda funda hjá stjórn SA, töluverður fjöldi þeirra voru netfundir vegna ástandsins á kórónu tímum, mat formanns eftir þá reynslu er að það sé hámarksfjöldi sem getur tekið þátt í netfundum svo vel fari.

Fundi í meistaradeild sækja formenn innan iðnaðarmannahluta SI þar er tekið á ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum iðnaðarmanna er þar helst að nefna útboðsmál og verndun starfsréttinda. Þar hefur formaður SART komið fram með ábendingar og hugmyndir frá félagsmönnum. Er þar helst að nefna ítrekun á auknu vinnustaðaeftirliti með aðkomu skattsins og framkvæmd og meðferð á tölum vegna undirverktaka útboða.

Mikið átak hefur verið hrundið af stað með auglýsingum og vefsvæði undir heitinu Meistarinn.is og er þessu verkefni ætlað að auðvelda almenningi aðgengi að iðnaðarmönnum og auka fagmennsku í iðnaðnum.

Fagnefnd hefur komið að málum er varða réttindi okkar er varðar þjónustu á brunaviðvörðunarkerfum Þar er vinna í gangi í samstarfi við Mannvirkjastofnun.

Innan SART og SI eru mörg málefni sem við félagsmenn tökum þátt í að vinna og móta

Í kjarasamningum sl. vor var mikil áhersla hjá okkur að breyta verkfærægjali til einföldunar og réttlætis og fengust okkar tillögur samþykktar. Í kjarasamningum var mikil áhersla lögð á krónutöluhækkunarir og upptaka virks vinnutíma. Samningurinn var kláraður á þessum nóttum en síðar hefur komið í ljós að ekki eru allir einhuga um samninginn, hvorki meistarar né sveinar. Það er mín spá að þegar samningar verði teknir upp að nýju hverfum við eitthvað til baka með yfirvinnu 1 og 2 byggi ég það á því að þegar formaður SART í óþökk SA mæltist til þess að formaður RSI beitti sér fyrir frestun á breytingum á samningum um 3 mánuði vegna Covid þá taldi hann grundvöll fyrir því ef við værum til í að endurskoða yfirvinnuþætti samningsins. En eins og öllum er kunnugt tók verkalyðsförystan það ekki í mál að fresta breytingum á kjarasamningum 1. apríl.

Nú er í gangi endurskoðun á iðnaðarlöggjöfinni og koma þau mál okkur mikið við. Þar er verið að fjalla um lögverndun iðngreina og faglega menntun inni þetta spinnst ýmislegt sem okkur varðar er þar helst hæfni viðmið, teiknréttindi erum við að berjast við og síðan en ekki síst er löggilding rafeindavirkja þar með talin.

Skrifað var undir langþráðan samning við Staðlaráð um aðgengi fyrir félaga SART að 3 rafmagns- og fjarskiptastöðlum. Er þetta mikil verðmæti fyrir félagsmenn og er þetta félagsmönnum að kostnaðarlausu þökk sé samkomulagi við menntasjóð SART og RSI.

SART er aðili að tilraunarverkefni sem er verið að koma af stað er varðar sumarvinnu fyrir nema sem eiga erfitt með vinnu nú í sumar er þetta verkefni tengt innleiðingu rafrænu ferilbókarinnar. Vonandi náum við að lenda þessu máli og verður vonandi hægt að kynna þetta verkefni á næstu dögum. Ef vel tekst til fæst veruleg meðgjöf í launakostnaði til þeirra sem fara inn í þetta verkefni.

Alþjóðlegt samstarf er töluvert innan félaga SI. Hjá okkur er helst að nefna NEPU samstarf þar sem haldin er árlegur fundur norrænna rafverktaka sl. haust var haldin fundur í Ystad í Svíþjóð þar voru ýmisleg hagsmuna og tæknimál rædd. Til stóð að





halda þennan fund hér í Reykjavík nú í lok ágúst en vegna títtnefndrar veiru var honum frestað til næsta árs

Norrænt samstarf er um öryggismál, við erum þar ekki fullgildir meðlimir en fylgjumst með, þeirra árlegi fundur var haldin hér í Reykjavík sl. Haust.

Hefð er fyrir sameiginlegum fundi stéttarfélagi rafiðnaðarmanna og verktaka í Noregi. Var sá fundur haldin hér í Reykjavík og tóku formaður og framkvæmdastjóri þátt að einhverju leiti.

Ný heimasíða leit dagsins ljós. Síðan var unnin í samstarfi félagana innan Mannvirkjasviðs SI.

Öryggishandbók SART er kominn inn á rafbók þannig að hún er öllum aðgengileg og fer notendum þar alltaf fjölgandi því í samstarfi við RSÍ höldum við áfram að gefa nýnemum spjaldtölvur. Öryggismál eru fyrirferðamikil hjá rafiðnaðarmönnum má þar nefna lásagjafirnar og þátttöku okkar í að setja upp áhættumat í rafiðnaði Oira í samstarfi við vinnueftirlitið.

Breyting varð á starfsmannahaldi Ákvæðisvinnustofu. Þar lét Ólafur Sigurðsson af störfum eftir fjölda ára starf og vil ég fyrir hönd SART þakka honum fyrir samstarfið.

Það sést á þessari litlu upptalningu að fjöldi verkefna eru unnin á vegum SART en við verðum að halda vöku okkar og horfa fram á við. Er þar helstu verkefni að móta stefnu til framtíðar. Með nýrri stefnumótun til að tryggja réttindi rafverktaka og rafeindavirkja til framtíðar.

Mikill fjöldi félagsmanna kemur að ýmsum málefnum fyrir SART t.d. sveinsprófsnefnd sem nú er að undirbúa 100 manna sveinspróf í júní. Samninganefndinni, meðstjórnendum mínum í Rafmennt og stjórn og öðrum óupptöldum vil ég þakka fyrir samstarfið á síðasta ári

Þetta starf vinnst í samstarfi margra en ég vil fyrir hönd SART, að öðrum ólöstuðum, þakka Kristjáni framkvæmdastjóra SART frábær störf á síðasta ári.

## **Viðauki 2. Kynning á störfum skrifstofu SART**

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram af Kristjáni D. Sigurbergssyni, framkvæmdastjóra SART, á aðalfund SART 5. júní 2020*

Starfið fer fram á skrifstofu Samtaka iðnaðarins þar sem SART á drjúgan þátt í að móta starf mannvirkjasviðs. Ég mun fara vítt og breitt yfir sviðið en til að taka af allan vafa þá eru það félagsmenn sem móta starf SI og verkefnin sem við sinnum eru verkefni sem félagsmenn fela okkur að vinna að.

Á skrifstofu SI eru 17 starfsmenn auk tveggja vinnufélaga sem eru í fæðingarorlofi. Félagsmenn SI eru rúmlega 1400 þar af 800 á mannvirkjasviði. SART er fjölmennasta meistarafélagana með rétt norðan við 200 félaga.

Innan SI er litið til SART sem fyrirmynd að góðu starfi meistarafélags og virðing borin fyrir framlagi okkar til þeirra málefna sem við látum okkur varða. Í því samhengi er klassískt að nefna afhendingu á spjaldtölvum til nema í rafiðngreinunum en einnig má nefna lásaverkefnið, gjaldfrjáls afhending á fagtengdum stöðlum til félagsmanna, staðföst vinna við að styrkja og viðhalda löggildingunni og svo framvegis

Í vetur fór Mannvirkjasvið SI hringferð um landið með fræðslufundi um ábyrgð iðnmeistara undir yfirskriftinni „Hver ber ábyrgð á mannvirkinu“.

Haldnir voru fræðslufundir um gæðamál í mannvirkjagerð í samstarfi Iðuna. Ný heimasíða SART fór í loftið á síðasta starfsári og fylgdu nokkur meistarafélög í kjölfarið með nýjar síður frá sama vefhönnuði. Auk fjölmargra skemmtilegra verkefna fyrir



félagsmenn sem mannvirkjasviðið sinnir árlega þá hefur **lögfræðingur** SI hefur veitt „fyrstu hjálp“ til félagsmanna sem eftir því hafa leitað.

**Hagfræðingarnir** setja upp greiningar á ólíkum þáttum atvinnulífsins og eru virkilega horft til þess þegar SI sendi frá sér greiningar, við sáum dæmi um það í morgun í forsíðufrétt þar sem rætt er við Ingólf Bender Aðalhogfræðing SI um að fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði hafa aldrei verið hærri.

Ingólfur verður með áhugaverða pistil fyrir okkur seinna í dag.

**Almannatengslafulltrúinn** okkar er margra manna maki og hún stendur vaktina allan sólahringinn, sem dæmi um hennar framlag þá hefur sýnileiki SI og þar með aðildarféлага stóraukist undanfarin ár. Dæmi um það eru 986 fréttir sem birtust í fjölmiðlum árið 2019.

### **Vinumarkaðssvið SA**

Miklum fjölda fyrirspurna frá félagsmönnum hefur verið beint til Vinnumarkaðssviðs SA sem hafa í framhaldi af því leiðbeint félagsmönnum við útfærslu kjarasamninganna þ.e. upptöku virks vinnutíma. Einnig hefur vinnumarkaðssviðið veitt félagsmönnum ráðgjöf varðandi gerð ráðningarsamninga, erfið starfsmannamál og vinnumarkaðsúrræði tengd Covid-19.

### **Umsagnir**

Stjórnvöld hafa leitað eftir umsögn SI um mikinn fjölda þingmála, laga- og reglugerðarbreytingar sem snerta fyrirtæki innan samtakanna. Þessar umsagnir eru að öllu jöfnu eru send inn í nafni SI fyrir hönd aðildarféлага. En SART sendi þó í eigin nafni inn umsagnir um sameiningu MVS og íbúðarlánasjóðs, Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi og Breyting á fjöleignarhúsalögum (Kostnaðarskipting vegna uppsetningar Rafbílahleðslu í sameign fjölbýlishúsa). Í framhaldi af umsögnunum er svo að öllu jöfnu farið fyrir þingnefndir til að tala fyrir umsögnunum og svara fyrirspurnum nefndarmanna.

### **Heimasíða SART**

Ný heimasíða SART fór í loftið á síðasta starfsári og fylgdu nokkur meistarafélög í kjölfarið með nýjar síður frá sama vefhönnuði.

### **Meistarinn.is**

Vefsíðan meistarinn.is fór í loftið í byrjun mars. á síðunni er öflug leitarvél þar sem hægt er að leita að fyrirtækum í flestum greinum mannvirkjagerðar meðal félagsmanna SI Þar eru einnig tæki og tól sem leiða verkkaupa og verktaka í gegnum gátlista og er markmiðið að stórauka gerð verksamninga sem aftur mun skila sér í færri klögumálum og leiðindum sem geta komið upp þegar farið er af af stað í verkefni með óraunhæfar væntingar og jafnvel blússandi ranghugmyndir. Meistarinn.is hefur vakið töluverða athygli og heitar umræður meðal þeirra sem standa fyrir utan samtök iðnaðarins og segir það mér að við séum að gera góða hluti þegar grái markaðurinn er farinn að titra.

Verið er að vinna fleiri auglýsingar sem eiga eftir að vekja mikla athygli.

### **Götulýsing**

Á dögnum kærðu Samtök iðnaðarins Reykjavíkurborg fyrir kærunefnd útboðsmála. Efni kærunnar snýr að því að Reykjavíkurborg hefur fært Veitum allt viðhald og endurnýjun á götulýsingu á útboðs. Veitur hafa svo áframselt þennan samning til ON sem er í sjálfu sér skondið því skilgreint markmið ON er að framleiða og selja rafmagn.



Hér er um mikið hagsmunamál fyrir rafverktaka á höfuðborgarsvæðinu því nú þegar er þessi þjónusta í höndum rafverktaka víðsvegar um landið.

### **Störf innan Meistaradeildarinnar**

MSI er samsett af formönnum 12 meistarafélaga en eitt meistarafélag í landinu. Stendur utan þess Núverandi formaður meistaradeildarinnar er Jón Sigurðsson formaður Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík. Helstu málaflokkar sem fjallað hefur verið um innan MSI eru:

- Iðnaðarlögin og brot á iðnaðarlöggjöfinni, en MSI er að vinna sérstaklega mikið nú í kjölfar ályktunar MSI sem var áskorun til Atvinnumálaráðuneytisins um að endurskoða iðnaðarlögin með áherslu á eftirfylgni brota á lögnum.
- Breytingar á byggingarreglugerð og Mannvirkjalögum
- Menntamál í byggingariðnaði
- Hvatning til bættra samskipta við sveitarfélög td. byggingarfulltrúa, jafnvel sameina embætti byggingarfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu
- Gjaldskrár skipulags og byggingamála
- Heilbrigðisvottorð fyrirtækja er komið í gang að nýju
- Ekki tel ég ástæðu til að tíunda frekar málefni SI hér en samtökin hafa verið ötul við kynningu sinna barátumála bæði í fjölmiðlum sem og fréttabréfum sem send eru öllum félagsmönnum rafrænt.

### **Mannvirkjaráð SI**

Mannvirkjaráð er skipað tveimur fulltrúum MSI, fulltrúum Ráðgjafaverkfræðinga, SAMARK, Mannvirki (sem eru stærri verktakar bæði í byggingar og jarðvinnu) og þeim stjórnarmönnum SI sem tengjast mannvirkjagerð. Helstu málefni sem fjallað hefur verið um í ráðinu eru.

- Samræmdar verklýsingar
- Verktryggingar og greiðslutryggingar
- Útboðsmál
- Byggingareglugerð
- Kennitölufلاك og heilbrigði fyrirtækja

Árið 2019 varð það ljóst að framundan væri mikill samdráttur í byggingu íðbúðahúsnæðis.

Hjá SI hefur mikil áhersla verið lögð á að benda á hvaða staða sé framundan, leggja til lausnir og úrræði, sér í lagi einföldun regluverks sem mundi leiða til þess að íbúðir fyrir fyrstu kaupendur kæmust í framleiðslu en þær sárvantar á markaðinn. Þessi vinna bar loks árangur í byrjun árs þegar Ráðherra málaflokksins tilkynnti væntanlegar breytinga sem miða að einföldun regluverks og er meðal annars stór breyting á byggingarreglugerðinni í meðferð á alþingi þegar þetta er skrifað.

Í þessu yfirliti hef ég komið víða við og tæpt á mörgum verkefnum sem falla undir daglegt starf á Mannvirkjasviði SI.

Ótal margt er ótalið en ég hvet ykkur til að gefa fréttabréfi SI gaum en það er sent mánaðarlega í email til félagsmanna.

Starfið fyrir SART og aðildarfélögin hefur verið ákaflega ánægjulegt, spennandi og fjölbreytt verkefni koma upp nánast daglega. Það sem mér finnst þó standa uppúr eru





uppbyggileg samskipti við félagsmenn sem allir sem einn vilja vegsemd samtakanna sem mesta og eru ávalt tilbúnir til að deila af reynslu og vискubrunni sínum þegar eftir því er leitað.

Fundarstjóri ég hef lokið máli mínu.

### **Viðauki 3. Skýrsla formanns FLR**

*Eftirfarandi er kynningin eins og hún var borin fram af Péttri H. Halldórssyni, formanni FLR, á aðalfund SART 5. júní 2020.*

Fundarstjóri og kærur félagar

Við hjá FLR höfum s.l. 4 ár haft þá reglu að funda 1 sinni í mánuði, og höfum við stjórnin hittst í Borgartúni 35 reglulega skv. Því fundarplani og höfum reynt að hafa þá stefnu að hafa a.m.k. 1 kynningarfund á mánuði, á hinum ýmsu málefnum.

Vð höfum verið að fá nýja félagsmenn á hverju ári í fyrra bættust við 7 fyrirtæki, og það sem er komið á þessu ári eru komnir 6 nýir í félagið.

FLR hefur að undanförunu vera að vinna með lögfræðingum SI og RSÍ, vegna réttindamála okkar bæði vegna sveinsprófa og löggildinga,

Menntastofnun hefur verið að gera aðför að þessum réttindum okkar, að okkar mati.

Því hér hefur erlendum starfskröftum með vafasöm prófskírteini og litla starfsreynslu í heimalöndum sínum, verið afhent sveinsprófsskírteini nánast án bakgrunns könnunnar, og er það gert gegn ráðleggingum Rafmenntar, sem hefur þó sl ár getað mælt með eða hafnað eftir atvikum umsóknum, og á það var hlustað, en nú kveður við annan tón hjá Menntastofnun, og segir Menntastofnum ma á einum stað í bréfi, að rök Rafmenntar séu, ómálefnalegar hindranir og verði að ryðja úr vegi.

Þessi vinna okkar er í fullum gangi og samvinna okkar við RSÍ er mjög góð í þessu máli enda sameiginlegir hagsmunir á ferð.

Unnið hefur verið líka að sé skorin upp herör gegn ólöglegri rafverktöku, vinnu réttindalausra rafvirkja og rafverktaka, og svo ekki síst skattsvikum. En þetta er seinleg vinna og mætti ganga hraðar og betur, kerfið er seint til viðbragða og þau úrræði sem við höfum eru máttlítil þegar kemur að þessum málum því miður.

Borið hefur á umfangi leppstarfsemi, þar sem Löggiltir rafverktakar eru að leppa réttindalausra rafvirkja, suma hverja án sveinsprófs.

Við lítum slíka starfsemi alvarlegum augum og viljum eyða allri óvissu um að slíkt er ólöglegt og ekki síst varhugavert.

Vantað hefur upp á lðnaðarlögin, sem eru nú í endurskoðun, eru refsheimildir og fésektir stjórnvalds, svo einkennilega sem það hljómar, er næsta stjórnvald okkar Lögreglan!!! En eftir því sem komumst næst, er engin lðnaðarlagabrotadeild hjá Lögreglunni, svo að það þarf engann sérfræðing að sjá það að þau mál sem við kærur lenda í skúffu með sjoppuránum, íkveikjum eða einhverju sem síðar er hent bara í ruslið og aldrei rannsakað.

Þegar ekkert slíkt stjórnvald er fyrir hendi, fyrir okkur að leita til, er mjög ódýrt að verða uppvís að slíkum brotum. Það er td margfalt dýrara að fara í meistaranám en að láta sekta sig fyrir að hafa ekki réttindi. Þetta er ekki það sem við viljum. Við segjum nei.

Við erum búnir vinna taktvisst í að koma breytingum á þessu inn í endurskoðuð lðnaðarlögin og erum að verða bjartsýnir á að það takist.



Við höfum átt samtöl við ýmsa ráðamenn í þjóðfélaginu og finnst okkur eins og þeir séu núna fyrst að fara að skilja þetta mikla hagsmunamál loksins, en mikið aðhald þurfa þeir blessaðir.

Einnig eru málefni eins og útboðsmál, mál sem okkar félagsmenn hafa mikið að athuga við og höfum komið að því með lögfræðingum SI, sem eru núna að vinna að innleiðingu reglugerða og vinnubragða hér á landi til samræmis þess sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Að frumkvæði FLR ásamt formanni SART beittum okkur vel í samtali við Veitur, vegna tíðra kvartana félagsmanna okkar um minnkandi þjónustustigs Veitna og afgreiðslna á þjónustibeiðnum og og að innsendum fyrirspurnum væri bara sjaldan eða aldrei svarað.

Nú samtalið við Veitur gekk vel, og brugðust forsvarsmenn Veitna mjög vel við og tóku kvartanir okkar alvarlega, og þjónustan hefur stórlagast og að sífellt verið að reyna bæta þjónustuna, þeir td buðu öllum rafverktökum hér á þeirra veitusvæði til fundar í húsi Veitna, til að kynna fyrirtækið og þær breytingar sem þeir eru að innleiða.

Við höfum líka átt viðræður við Mannvirkjastofnun, vegna mikilla stirðleika og flókinna starfsferla þeirra, en við höfum ekki séð miklar breytingar enn, þótt við vonumst alltaf eftir því, við bindum þó vonir við þær breytingar sem koma með sameiningu þessara stofnanna, Húsnæðisstofnunar og Mannvirkjastofnunar að eitthvað fari nú að gerast.

Nú nýgerðir kjarasamningar sem tóku gildi nýverið, hafa mælst misvel fyrir og komið hafa allmargar fyrirspurnir um framkvæmd þeirra frá félagsmönnum, því hafa sumir átt í basli með innleiðingu breytts fyrirkomulags með styttingu vinnuviku og sýnist hverjum sitthvað um þetta allt, en þetta tekur einhvern tíma að klára að innleiða.

Í þessu Covid ástandi sem allir þekkja og skók alla heimsbyggðina, ályktaði stjórn FLR, til stjórnar SART um að mæla með því við Samtök Iðnaðarins um að fella niður félagsgjöld tímabundið og sýna með því gott fordæmi. Og skemmst frá því að segja, var það gert, með afsláttum á félagsgjöldum SI og því ber að fagna.

Við höldum í samkomubanni 1 fjarfund með TEAMS fundarforritinu og gekk þetta misvel og upplifun okkar misjöfn á þessu, en í heild tókst þetta bærilega.

Svo í lokin vil ég segja ykkur frá haustferð FLR 11. október s.l., sem verður að segjast hafi heppnast frábærlega. Við byrjuðum á að safnast saman á bílplaninu við Korputorg og keyrt var austur fyrir fjall, og byrjað var á að skoða Mjólkurfjósíð að Spóastöðum í Bláskógabyggð, sem er eitt það fullkomnasta á landinu, síðan var okkur boðið heim til Jens Péturss Jóhannessonar fyrrum formanss SART, í Laugarási,,, þar voru miklar veitingar á borðum sem svignuðu undan þeim, og að því loknu var haldið að Brúarárvirkjun, þar sem við skoðuðum allar framkvæmdirnar þar og fengum gríðargóða leiðsögn hjá landeigandanum. Síðan var svo skundað á Hótel Geysi. Byrjuðum þar í flottri móttöku hóteleigandans, sem sýndi okkur allt hótelið með stolti, síðan að því loknu fengum við kvöldverð sem var í boði Rafports. Ég held að við sem í þessa ferð fóru minnst þessara ferðar með mikilli ánægju, enda alger þrúðmenni á ferðinni þar, bæði félaginu og sjálfum sér til mikils sóma.

## **Viðauki 4. Yfirlit frá aðildarfélögum 2019-2020**

*Kristján D. Sigurbergsson, framkvæmdarstjóri SART, flutti samantekt af erindum frá aðildarfélögum á aðalfund SART 5. júní 2020.*

### **Rafverktakafélag Suðurnesja.**

Stjórn Rafverktakafélags Suðurnesja RS hefur haldið nokkra óformlega síma fundi og einnig sótt aðalfund og aðra viðburði hjá SART. Einnig hafa félagsmenn sótt fundi hjá



Meistarafélagi Byggingarmanna Suðurnesja (svo kallaða súpufundi) sem eru haldnir í hádeginu á síðasta mánudag í hverjum mánuði í samvinnu við Samtök iðnaðarins, og vil ég hvetja menn til að mæta á þessa fundi sem hafa verið mjög góðir og fróðlegir um atvinnu ástand og framkvæmdir á svæðinu, Kristján okkar hefur sent út fundarboð þegar þessir fundir eru, og hefur ritari sótt eina fimm fundi á liðnu ári. Atvinnuástand á svæðinu var gott framan af og ætti að rétta hratt við þegar flugumferð kemst aftur á skrið.

Á síðasta ári var opnuð Facebook síða fyrir RS þar sem ýmsar upplýsingar hafa verið fram settar.

Formaður hefur sótt stjórnarfundir SART sem aðalmaður og ritari í hans forföllum .

Framhald hefur verið á afhendingum á spjaldtölvum sem SART, RSÍ ásamt menntasjóði rafiðnaðarins hafa afhent til allra nýnema í rafiðnaðar námi hjá FS, eins og undanfarin ár að gjöf.

Á síðasta ári fengu 18 nemar af Suðurnesjum afhent sveinsbréf í rafvirkjun og einn rafveituvirki.

Í félagi Rafverktaka á Suðurnesjum er 14 fyrirtæki í dag og tveir heiðurs félagar þeir Sæmundur Einarsson og Sigurður Ingvarsson.

### **Félag rafverktaka á Suðurlandi, FRS**

Hefðbundið starf fór fram innan félags rafverktaka á Suðurlandi á árinu 2019. Það var einn boðaður félagsfundur á árinu en það var aðalfundur félagsins haldinn á Hótel Selfossi. Að jafnaði mæta um 10-12 félagsmenn á aðalfundi félagsins auk framkvæmdastjóra SART og gesta. Umboð stjórnar var endurnýjað og reikningar samþykktir samhljóða. Einhver sjóður er til og er það markmið stjórnar og félagsmanna að gera sér glaðan dag á árinu og efla þannig félagsandann. Eitt af ánægjulegri verkefnum þar sem stjórnarmenn félagsins ( oftast formaður ) taka þátt er að afhenda spjaldtölvur til nemenda í grunndeild rafiðna í Fjölbautarskóla Suðurlands. Þetta er mjög gott framtak til að efla iðngreinina og mælist vel fyrir hjá nemendum skólans. Starfsmenn og nemendur báðu fyrir kveðjur til rafverktaka með þakklæti fyrir tækin sem koma sér vel í námi. Stjórn FRS þakkar rafverktökum samstarfið á liðnu ári og óskar ykkur góðs gengis á aðalfundi og í komandi störfum á árinu.

### **Félag rafeindatækni fyrirtækja, FRT**

Haldnir voru 5 stjórnarfundir á liðnu ári og hafa umræður gjarnan verið um stöðu Rafeindavirkjans og leiðir til að tryggja stöðu okkar í mjög svo breyttu landslagi innan tæknigeirans. Hefðbundnar verkstæðis viðgerðir eru á undanhaldi til að mynda og eru menn að skoða ýmsar leiðir varðandi fjarskiptakerfi í húsum þar sem við vildum gjarnan getað komið því til leiðar í nýbyggingum þyrfti Rafeindavirkjameistari að vera skráður á verkin eins og t.d. rafvirkjameistari, múrari, málrameistari o.fl. Það myndi líka styrkja grundvöll meistaránámsins hjá okkur ásamt því að sækja okkur löggildingu. Það hefur verið vandamál að nýliðun meistara er nánast engin þar sem hvati til þess er ekki til staðar fyrir okkur. Við áttum okkur á því að þetta tekur tíma þar sem stjórnarmenn hafa fullt í fangi með rekstur sinn sem eru yfirleitt eins manns fyrirtæki.

### **Félag rafverktaka á Vesturlandi, FRVL**

Ekki hafa verið haldnir hefðbundnir stjórnarfundir heldur hafa stjórnarmenn tekið spjallið á símafundum þegar þörf hefur verið á. Þetta hefur reynst ágætlega því félagssvæðið er stórt og hafa félagsmenn um langan veg að fara ef boðað er til fundar.

Einn nýr félagsmaður gekk inn í félagið frá síðasta aðalfundi það er fyrirtækið Vogir og lagnir á Akranesi og fögnum við því.

## Félag rafverktaka á Vestfjörðum, FRVF

Atvinnuástand á liðnu starfsári hefur verið gott og kom aðeins stutt díva í verkefni sem hægt var að sinna á meðan Covid gekk yfir. Félagssvæðið er mjög stórt og yfir vetrarmánuðina þarf t.d að keyra aukalega 544 kílómetra ef fara þarf fram og til baka milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar.

Stjórnin notar því síma og fjarfundarbúnað ef þurfa þykir frekar en að „skreppa“ og hitta kollegana. Flestallir rafverktakarnir á félagssvæðinu eru í félaginu okkar og formanni einungis kunnugt um tvo löggilta rafverktaka á félagssvæðinu sem standa utan félags. Eins og áður segir er atvinnuástand gott og erfitt hefur reynst að fá vana rafvirkja til starfa á svæðinu.

## Félag rafverktaka á Norðurlandi FRN

Aðalfundur var haldinn í janúar þar sem stjórnin var endurkjörin.

Á fundinum voru Kristján og Hjörleifur gestir ásamt Þór Pálssyni frá Rafmennt.

Á síðasta starfsári hafa tvö rafverktakafyrirtæki gengið í félagið og í síðustu viku kom einnig inn nýtt fyrirtæki þannig að við erum mjög sáttir.

## Félag rafverktaka á Austurlandi, FRA

Á síðastliðnu starfsári fór talsverður tími í það hjá félaginu að kanna mál réttindalausra manna sem stunda rafverktakastarfsemi, eftir nokkrar ábendingar frá félagsmönnum um slíka starfsemi settum við okkur í samband við byggingarfulltrúa hér eystra til að til að kanna þeirra aftöðu til þessara mála, einnig var skrifast á við mannvirkjastofnum og fundað með þeim án þess að nokkur niðurstaða fengist í þau mál og því verður reynt að stugga áfram við þeim málum á komandi ári.

1 stjórnarfundur var haldin til að undirbúa aðalfund sem síðan var haldin á héraði í nóvember og var nokkuð vel mætt. Ákveðið var að félagið reyndi að standa fyrir einhverjum viðburðum til að blása meira lífi í starfsemina heldur en verið hefur og stóðum við fyrir námskeiði í samvinnu við Rafmennt, sem var mjög vel sótt og mikil ánægja meðal manna og ætlunin að þessu áfram.

Þar sem málin voru farin að hitna var ákveðið að skella sér í vorferð nú í vor og keyra ærlega upp stemninguna en slíkt hefur ekki verið gert í góð 20 ár, en kórónaveiran kom og kældi okkur niður, eins og annað sem var á góðu flugi, en það koma tímar í það og er ætlunin að reyna að gera ekki minna á þessu árin en því síðasta.

Bestu kveðjur FRA félagar

## Viðauki 5. Tillögur stjórnar SART að breytingum á samþykktum SART.

*(Breytingarnar eru rauðmerktar)*

**Núverandi grein hljóðar svo:**

### 9. gr.

Félagsgjöld til SART eru ákveðin á aðalfundi að fenginni tillögu framkvæmdastjórnar. Gjöld til aðildarféлага SART eru ákveðin á aðalfundum þeirra.

Framkvæmdastjórn er heimilt að semja við ný aðildarfyrirtæki um aðlögun að félagsgjöldum.

Skrifstofa SI annast innheimtu félagsgjalda, þó geta aðildarfélög óskað eftir öðru fyrirkomulagi um innheimtu félagsgjalda sinna. Framkvæmdastjórn ákveður í samráði við framkvæmdastjóra tilhögun á innheimtu félagsgjalda.



Mál vegna innheimtu félagsgjalda skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **Breytingartillaga:**

##### **9. gr.**

Félags gjöld til SART eru ákveðin á aðalfundi að fenginni tillögu framkvæmdastjórnar. Gjöld til aðildarfélaga SART eru ákveðin á aðalfundum þeirra.

Framkvæmdastjórn er heimilt að semja við ný aðildarfyrirtæki um aðlögun að félagsgjöldum.

**Þeir félagsmenn einstaklingar sem hætt hafa rekstri og náð 70 ára aldri geta sótt um að verða gjaldfrjálsir og eru þeir þá án atkvæðisréttar en með tillögu- og málfrelsi.**

Skrifstofa SI annast innheimtu félagsgjalda, þó geta aðildarfélög óskað eftir öðru fyrirkomulagi um innheimtu félagsgjalda sinna. Framkvæmdastjórn ákveður í samráði við framkvæmdastjóra tilhögun á innheimtu félagsgjalda.

Mál vegna innheimtu félagsgjalda skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **Núverandi grein hljóðar svo:**

##### **10. gr.**

Aðildarfélög samtakanna og beinir aðilar skulu eigi síðar en 2 vikum fyrir aðalfund SART tilnefna fulltrúa og varamenn í stjórn SART. Varamenn þurfa ekki að mæta á stjórnarfundum nema í forföllum aðalmanns.

Um hver áramót skal gefa út skrá yfir fjölda félagsmanna SART og aðildarfélaga.

#### **Breytingartillaga:**

##### **10. gr.**

Aðildar félög samtakanna og beinir aðilar skulu eigi síðar en 2 vikum fyrir aðalfund SART tilnefna fulltrúa og varamenn í stjórn SART. **Stjórnarmenn SART skuli ekki vera félagsmenn í stéttarfélagi viðsemjanda SART. Ef fulltrúinn sem tilnefndur er í stjórn SART er félagsmaður í stéttarfélagi viðsemjanda SART skal honum gefinn 3 mánuðir til að ganga úr stéttarfélaginu.** Varamenn þurfa ekki að mæta á stjórnarfundum nema í forföllum aðalmanns.

Um hver áramót skal gefa út skrá yfir fjölda félagsmanna SART og aðildarfélaga.

#### **Núverandi grein hljóðar svo:**

##### **19. gr.**

SART greiðir ferða- og gistikostnað framkvæmdastjórnarmanna til og frá stjórnarfundum og dvalarkostnað meðan á fundum stendur.

#### **Breytingartillaga:**

##### **19. gr.**

**Stjórnarmenn SART sem búsettir eru meira en 150 km frá höfuðstöðvum SART fá greiddan ferða- og gistikostnað sem til stofnast vegna stjórnarfundum sem þeir sækja, skv. reikningi fyrir útlögðum kostnaði. Framkvæmdastjóri SART staðfestir hvern reikning. Á þetta jafnframt við um kostnað vegna þátttöku framkvæmdarstjórnarmanna á framkvæmdarstjórnarfundum SART.**



